

Verðtilfærslusjóður SAM 2016

Samkvæmt heimild í 13. grein laga nr. 99/1993 hafa aðildarfélög SAM gert samning sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða. Framkvæmd og fjárreiður verðtilfærslunnar er í höndum SAM.

Í verðtilfærslusjóð SAM er innheimt vörutengd gjöld af sýrðum vörum (jógúrt og skyldum vörum), rjóma, sérostum og nýmjólkurdufti. Greitt er úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, skólaléttmjólk, iðnaðarrjóma, skyri, smjörva, léttu viðbiti, mögrum ostum (Gouda 17%, Mozzarella og Gouda 11%), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennuþufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er rekstraryfirlit verðtilfærslusjóðs SAM árin 2016 og 2015:

	2016	%	2015	%
Inngreiðslur:				
Innheimt verðtilfærsla	294.010.029	100,0	291.255.600	100,0
Samtals til ráðstöfunar	311.366.339	100,0	305.009.111	100,0
Útgreiðslur:				
Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva	86.864.134	27,7	90.702.239	31,5
Niðurgreiðsla iðnaðarþufts	181.695.983	57,9	156.291.973	54,3
Niðurgreiðsla iðnaðarrjóma	40.405.953	12,9	36.289.756	12,6
Annað	4.410.016	1,5	4.368.833	1,5
Samtals ráðstafað	313.376.086	100,0	287.652.801	100,0
Innheimt umfram útgreiðslur	-19.366.057	-6,6	3.602.799	1,2
Afgangur færður til næsta árs	-2.009.747	-0,7	17.356.310	6,0

Velta verðtilfærslusjóðs SAM hækkaði nokkuð frá árinu 2015 til ársins 2016 vegna meiri sölu á vörum sem greiða til sjóðsins. Útgjöld sjóðsins voru 19,3 milljónum króna hærri en tekjur hans. Aukning í útgjöldum sjóðsins stafar af aukinni sölu mjólkurafurðum til iðnaðar, einkum undanrennu- og nýmjólkurdufti. Skuld sjóðsins við SAM í lok árs 2016 var 2 milljónir króna.